

## Minnisblað

lagt fyrir fund fjölskylduráðs 14. september 2018

Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar berast nær vikulega beiðnir frá einstaklingum sem óska eftir fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu vegna óvinnufærni. Í þeim tilvikum er óskað eftir því að með umsókn fylgi læknisvottorð, sem staðfestir óvinnufærnina. Hluti þessara einstaklinga ílengist á fjárhagsaðstoð, er í hættu á að festast í „kerfinu“ og þróa jafnvel með sér varanlegan heilsubrest og endar á örorku. Um er að ræða vaxandi vanda vegna fjölgunar óvirkra einstaklinga á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Hjá Hafnarfjarðarbæ er markmið **Áfram verkefnisins** að bæta þjónustu við þá sem þiggja fjárhagsaðstoð og skapa þeim raunhæf tækifæri til innkomu eða endurkomu á vinnumarkað. Meginreglan er vinna eða virkni í stað bóta.

Til upprifjunar er rétt að benda á að að umsækjendur um fjárhagsaðstoð eru flokkaðir í eftirfarandi hópa:

1. **Vinnuhópur:** Vinnufærir atvinnuleitendur sem vísað er til Vinnumálastofnunar þar sem þeir fá tilboð um vinnu og fara af bótum yfir í launað starf. Hafnarfjarðarbær styrkir störfina fyrstu sex mánuðina. Hafni einstaklingur starfi er heimilt að skerða framfærslustyrk hans um 50% tímabundið.
2. **Virknihópur:** Þeim einstaklingum sem hafa skerta starfs- eða ráðningarhæfni af ýmsum ástæðum eru boðin viðeigandi úrræði til að styrkja stöðu sína. Vinnufærnin er metin í samráði við lækni viðkomandi og í hverju skert vinnufærni er fólgin. Um er að ræða einstaklingsmiðuð úrræði.
3. **Hópur án kröfu um vinnu eða virkni:** Einstaklingar sem ekki er talið að gagnist tilboð um vinnu eða virkni að svo stöddu. T.d. einstaklingar með lágan styrk á mótí skertu fæðingarorlofi eða einstaklingar í neyslu.
4. **Biðhópur:** Einstaklingar sem óska eftir aðstoð fjárhagsaðstoð á meðan þeir bíða niðurstöðu Tryggingastofnunar eða Vinnumálastofnunar varðandi bóta- eða lífeyrisrétt þar. Þeir fá lán til að brúa bilið í samstarfi við viðskiptabanka bæjarins. Lánið greiðist upp með veittum lífeyri eða bótum þegar úrskurður um bótarétt liggur fyrir en bótaréttur hjá þessum stofnunum miðast við umsóknardag.

Til þess að sporna við fótum og reyna að hindra að virknihópurinn fari stækkandi leitar Fjölskylduþjónustan ýmissa leiða og hefur nú hug á að efla og auka ennfrekar samstarf við Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar til þess að auka virkni og efla stuðning, með það fyrir augum að auka líkur á því að fólk komist í nám eða vinnu.

Á fundi fjölskylduráðs þann 23. ágúst 2017 kynnti Anna Guðný Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar, starfsemi þeirra og mismunandi leiðir í starfsendurhæfingu, sem sniðnar eru að ólíkum þörfum þátttakenda. Einnig var kynnt mögulegt samstarf við Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar um atvinnutengda endurhæfingu hjá einstaklingum sem glíma við félagslegan vanda og fær fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarbæ.

Á fundinum var sviðsstjóra falið að undirbúa samning við starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar um samstarf við ungt fólk á fjárhagsaðstoð og var samningur gerður um að allt að 10 einstaklinga á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu sem væri hægt að vísa í starfsendurhæfingu á mánuði.

Í kynningu Önnu Guðnýjar kom fram að þegar Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hóf starfsemi sína haustið 2008, gátu félagsráðgjafar vísað einstaklingum beint í þjónustu til þeirra, þar sem í gildi var þjónustusamningur við ríkið sem greiddi fyrir endurhæfingu þátttakenda. Eftir gildistöku laga um starfsendurhæfingarsjóði nr. 60/2012 féll sá samningur niður, en samkvæmt lögnum er sjóðunum falið að hafa umsjón með starfsendurhæfingu á Íslandi og fjármagna viðeigandi úrræði, aðgerðir og verkefni á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar. Í dag starfar einn starfsendurhæfingarsjóður á landinu þ.e. VIRK og til þess að eiga rétt á þjónustu sjóðsins þarf fólk að vera með heilsubrest sem staðfestur er af lækni og hafa tilvísun frá lækni. Þeir sem ekki eru með skilgreindan heilsubrest eiga því ekki rétt á þjónustu í gegnum VIRK.

Eitt markmið ofangreindrar samvinnu Fjölskylduþjónustunnar og Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar var að þetta stuðningsnet einstaklinganna og ná meiri samfellu í þjónustu. Þjónusta af þessu tagi gat boðið upp á meiri sveigjanleika og fjölbreyttari stuðning en áður stóð til boða í starfsendurhæfingu, en hluta markhópsins hafði á einhverjum tímamarki verið vísað í þjónustu Virk starfsendurhæfingarsjóðs, en annað hvort ekki fengið þjónustu þar eða var vísað þar frá af því að þeir stóðust ekki kröfur sjóðsins.

Frá nóvember 2017 hefur 13 einstaklingum verið vísað í Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og er meðalaldur þeirra tæp 26 ár. Um er að ræða 7 karlmenn og 6 konur og að meðaltali hefur hver einstaklingur verið í þrjú mánuði undir leiðsögn frá starfsfólki Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Í dag hafa þrír einstaklingar áform um að fara í nám, tveir einstaklingar hættu vegna fíknivanda, tveir einstaklingar komust á endurhæfingarlífeyri hjá T.R. og hættu á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu, tveir einstaklingar komust í endurhæfingu hjá VIRK starfsendurhæfingu og fjórir einstaklingar hættu í endurhæfingunni þar sem þeir voru ekki tilbúnir til að leggja á sig þá vinnu sem þurfti. Ávinningur af samstarfinu er ótvíræður og í dag er mikilvægt að einstaklingar hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar komist í starfsprófanir í gegnum Áfram verkefnið.

Með þessu minnisblaði er áhersla lögð á að fjölskylduráð fari þess á leit að skapa störf innan bæjarfélagsins til að einstaklingar fái virka aðstoð frá sveitarfélaginu við að virkja hæfileika sína og getu, sjálfum sér og samfélagi sínu til hagsbóta. Eins og áður hefur komið fram fer þessi hópur stækkandi og er um margt erfiðari en þeir sem eru vinnuhæfir vegna þess að samhliða fjárhagsaðstoð þarf að sníða einstaklingsbundin úrræði eftir þörfum hvers og eins sem miðar að því að endurhæfa og styrkja viðkomandi. Samstarf Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar og Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar er því ómetanlegt og mikilvægt að efla enn frekar.

Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri